

Mál nr. 261/2014
M og
V1 vegna bifreiðarinnar A og V2 vegna bifreiðarinnar B.

Umferðaróhapp á Grandagarði í Reykjavík 9. júlí 2014.

Gögn.

1. Málskot móttækið 27. ágúst 2014 ásamt gögnum.
2. Bréf V1 dags. 3. september 2014.
3. Tölvupóstur V2 dags. 30. september 2014.
4. Tjónaskýrsla málsins send til nefndarinnar frá V1 og V2 21. október 2014.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningu vegna umferðaróhapps kemur fram að árekstur hafi orðið með bifreiðunum A og B þegar bifreið A var ekið fram úr bifreið B á Grandagarði þegar þeirri bifreið var ekið til vinstri í átt að bifreiðastæði.

M, sem var ökumaður bifreiðar A, telur að hún hafi fengið misvísandi upplýsingar um sakarskiptingu vegna málsins og í skýrslu hennar sem liggur fyrir nefndinni kemur fram að hún hafi sé bifreið B aka á undan sér mjög hægt og reiknaði M með því að ökumaður bifreiðar B ætlaði að leggja í stæði hægra megin götunnar. M ákvað því að aka fram úr en þá hafi ökumaður bifreiðar B skyndilega ekið í veg fyrir hana án þess að gefa stefnumerki. M telur að það sem haft sé eftir vitni í skýrslu vegna málsins sé ekki trúverðugt þar sem vitnið hafi ekki gefið sig fram á vettvangi.

V1 telur að skipta eigi sök þannig í málinu að ökumaður bifreiðar A beri 2/3 hluta sakar og ökumaður bifreiðar B 1/3 hluta sakar og vitnar þar til fyrri úrskurða úrskurðarnefndarinnar máli sínu til stuðnings. V2 vísar í niðurstöðu Tjónanefndar vátryggingafélaganna máli sínu til stuðnings en af því er gögn málsins sýna virðist afstaða þeirrar nefndar hafa verið sú að ökumaður bifreiðar A ætti að bera alla sök.

Álit.

Sá sem fer fram úr annarri bifreið á akbraut verður að gæta að ákvæðum 20.-22. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 þar sem kemur fram að ávallt beri að sýna aðgæslu við framúrakstur. Einnig kemur fram í 23. gr. merkjareglugerðar nr. 289/1995 að þeim sem ekur yfir hálfbrotna miðlínu ber að hafa í huga að varhugavert sé að aka yfir hana og óheimilt nema með sérstakri varúð. Með hliðsjón af aðstæðum á vettvangi á Grandagarði, þar sem bifreiðastæði eru beggja vegna akbrautar, þykir ökumaður bifreiðar A ekki hafa gætt umræddrar varúðar nægilega vel og ber hann því meginhluta sakar. Ökumaður bifreiðar B þykir hins vegar ekki hafa gætt nægilega vel að umferð fyrir aftan sig áður en hann tók vinstri beygju. Vitni staðfestir að ökumaður bifreiðar B hafi gefið stefnumerki og ekki er ástæða til þess að draga í efa framburð hans við starfsmann Aðstoðar&Öryggis um það. Stefnumerkjagjöf leysir ökumann bifreiðar B ekki frá þeirri skyldu að hugað að umferð fyrir aftan sig, sbr. fyrirmæli í 2. mgr. 15. gr., sbr. 16. gr. umferðarlaga. Þykir hann því einnig bera sök.

Niðurstaða:

Ökumaður bifreiðar A (M) ber 2/3 hluta sakar en ökumaður bifreiðar B ber 1/3 hluta sakar.

Reykjavík 28. október 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.